

Landssamband hestamannafélaga

32. ÁRSPING L.H.

Dagskrá:

Föstudagur 30. 10.

- kl. 13¹⁵ Þingsetning: Albert Jóhannsson, formaður L.H.
Kjörbréfanefnd skilar álit: Ragnar Tómasson.
Tilnefning þingforseta. Kosning ritara og teljara.
Skýrsla stjórnar:
Formaður L.H. Albert Jóhannsson.
Gjaldkeri L.H. Gísli B. Björnsson.
Umræður um skýrslu stjórnar. Tillögur lagðar fram,
og vísað til nefnda.
- 16⁰⁰ Kaffi
- 16³⁰ Fyrirlestur: Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur:
Starf Búnaðarfélags Íslands að hrossaræktinni.
- 17⁰⁰ Nefndir hefja störf.
- 19⁰⁰ Matarhlé.
- 20³⁰ Framhald nefndarstarfa.

Laugardagur 31. 10.

- kl. 8⁰⁰ Morgunverður.
- 9⁰⁰ Nefndir skila álit og umræður.
- 12⁰⁰ Matarhlé.
- 13⁰⁰ Fundi fram haldið.
- 15³⁰ Kaffihlé.
- 16⁰⁰ Umræður.
- 17⁰⁰ Kosningar: a) Formaður, meðstjórnandi, varaformaður
og varameðstjórnandi.
b) Endurskoðendur.
- 18⁰⁰ Þingslit.
- 19³⁰ Hestamannafélagið Snæfellingur býður upp á lystauka.
- 20⁰⁰ Kvöldfagnaður- kvöldverður, skemmtiatriði og dans.

Sunnudagur 01. 11.

- kl. 8⁰⁰ Morgunverður.
- 10³⁰ Hópfélag til Reykjavíkur leggur af stað.

FUNDARGERÐ

32. Ársping Landsambands hestamannafélaga
var haldið í Stykkishólmi dagana 30. og 31. október 1981.

Formaður L.H. Albert Jóhannsson bauð þingfulltrúa og gesti velkomna í setningarrræðu. Einnig minntist hann þriggja látinna félaga, þeirra: Guðmundar Snorrasonar, Akureyri, Jóns Bjarnasonar, Reykjavík, og Birgis Kristjánssonar, Kópavogi. - Þá bauð barnakór úr Stykkishólmi þingfulltrúa velkomna með söng, og var síðan gengið til dagskrár.

1. Kjörbréfanefnd skilaði álit: Formaður hennar, Ragnar Tómasson las upp nöfn þeirra sem rétt hafa til setu á þinginu. Þá bar formaður L.H. störf kjörbréfanefndar undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.
Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

Frá Andvara, Garðabæ:

Sverrir Hallgrímsson, Sveinn Gaukur Jónsson, Andreas Bergmann.

Frá Blakk, Strandasýslu:

Sigurgeir Guðbrandsson, Karl Aðalsteinsson.

Frá Dreyra, Akranesi:

Guðlaug Birgisdóttir, Sigurður Guðmundsson, Sigurgeir Þórðarson.

Frá Fáki, Reykjavík:

Guðmundur Ólafsson, Bergur Magnússon, Jón Björnsson, Valdimar Jónsson, Hjördís Björnsdóttir, Kristján Guðmundsson, Sigurbjörn Bárðarson, Þorlákur Ottesen, Gunnar Tryggvason, Eyvindur Hreggviðsson, Viðar Halldórsson, Haraldur Sveinsson, Ágir Jónsson, Ragnar Tómasson, Páll A. Pálsson, Þorvaldur Þorvaldsson, Örn Ingólfsson, Þórdís Jónsdóttir, Valdimar Jóhannesson, Daði Runólfsson, Tryggvi Gunnarsson, Brynjólfur Sandholt.

Frá Félagi tamningamanna:

Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Pétur Behrens.

Frá Faxa, Borgarfirði:

Skúli Kristjánsson, Guðrún Fjeldsted, Ólöf Guðbrandsdóttir, Gísli Höskuldsson, Árni Guðmundsson, Bjarni Marínósson.

Frá Feyki, N-Þing:

Daníel M. Árnason, Jóhann Gunnarsson.

Frá Freyfaxa, Héraði:

Jón Bergsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Ásmundur Þórisson.

Frá Funa, Eyjafirði:

Jónas Vigfússon, Hjalti Jósefsson.

Frá Geysi, Rang.:

Sigurður Haraldsson, Sigurgeir Bárðarson, Ágúst Ingi Ólafsson, Árni Jóhannsson, Kristján Jónsson, Jón Þórðarson, Steinþór Runólfsson.

Frá Glað, Dalasýslu:

Jón Hólm Stefánsson, Marteinn Valdimarsson, Hólmur Pálsson.

Frá Glæsi Siglufirði:

Gunnar Guðmundsson, Kristinn Þorkelsson.

Frá Gnýfafa, Ólafsfirði:

Kristján Mikaelsson, Andrés Kristinsson.

Frá Grana, Húsavík:

Gísli Haraldsson, Jón B. Gunnarsson.

Frá Gusti, Kópavogi:

Kristín Bögeskov, Stefán Pálsson, Bjarni Sigurðsson, Sigrún Sigurðardóttir, Bergur Haraldsson, Óli Pétur Gunnarsson, Hreinn Ó. Arnason, Örn Karlsson.

Frá Háfeta, Þorlákshöfn:

Sveinn Jóhannsson, Geirlaug Sveinsdóttir, Guðni Karlsson.

Frá Hornfirðingi, Hornafirði:

Guðmundur Jónsson, Sigfinnur Pálsson, Þrúðmar Sigurðsson, Eysteinn Jónsson.

Frá Hring, Dalvík:

Ármann Gunnarsson, Karl Sævaldsson, Rafn Arnbjörnsson.

Frá Herði, Kjósarsýslu:

Hreinn Ólafsson, Pétur Hjálmsón, Sigurður Ragnarsson, Kristján Þorgeirsson, Þorsteinn Aðalsteinsson, Guðmundur Jónsson.

Frá Kinnska, A-Barð.:

Halldór Gunnarsson.

Frá Kóp, V-Skaft.:

Gísli Kjartansson.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki:

Sveinn Guðmundsson, Guðmundur Ó. Guðmundsson, Ingimar Ingimarsson.

Frá Létti, Akureyri:

Páll Alfreðsson, Árni Magnússon, Björn Micaelsson, Ragnar Ingólfsson, Guðmundur Óskar Guðmundsson, Hólmgeir Valdimarsson.

Frá Ljúf, Hveragerði:

Tómas Antonsson, Aage V. Michelsen.

Frá Loga, Biskupstungum:

Gunnlaugur Skúlason, Þráinn Jónsson, Helgi Guðmundsson.

Frá Mána, Keflavík:

Reynir Óskarsson, Jón Þórðarson, Hákon Kristinsson, Viðar Jónsson.

Frá Neista, Blönduósi:

Grímur Gíslason, Leifur Sveinbjörnsson, Sigríður Hermannsdóttir.

Frá Óðni, A-Hún.:

Guðmundur Valtýsson, Einar Höskuldsson.

Frá Sindra, V-Skaft.:

Sigurbergur Magnússon, Hermann Arnason, Sigríður Magnúsdóttir.

Frá Sleipni, Arn.:

Magnús Hákonarson, Birgir Guðmundsson, Einar Øder Magnússon, Gunnar B. Gunnarsson, Snorri Ólafsson, Gústaf Lilliendahl.

Frá Smára, Arn.:

Rosmarie Þorleifsdóttir, Haraldur Sveinsson, Þorgeir Vigfússon, Sigurður Sigmundsson, Sigurður Steinþórsson.

Frá Snarfara, Skagaströnd:

Jón Pálsson.

Frá Snæfafa, N-Þing.:

Jóhannes Sigfússon.

Frá Snæfellingi, Snæfellsnesi:

Högni Þeringsson, Magnús Jónsson, Leifur Jóhannesson, Ólafur Kristjánsson, Ragnar Jónatansson.

Frá Stíganda, Skagafirði:

Sveinn Jóhannsson, Sigurður Ingimarsson, Skafti Steinbjörnsson, Jóhann Guðmundsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum:

Ólafur Þórðarson, Bragi Björgmundsson.

Frá Sörlla, Hafnarfirði:

Halldór Einarsson, Sigurður Sæmundsson, Unnur I. Jónsdóttir, Kristján Guðmundsson, Birgir Ö. Birgisson, Páll Ólafsson.

Frá Trausta, Arn.:

Sigurður Hannesson, Snæbjörn Björnsson.

Frá Þjálf, S-Þing.:

Agnar Kristjánsson, Kolbrún Úlfisdóttir, Baldvin K. Baldvinsson.

Frá Þráni, Grenivík:

Erlingur Arnórsson.

Frá Þyt, V-Hún.:

Garðar Hannesson, Þórir Ísólfsson, Eggert Karlsson.

Frá Dómarafélagi L.H.: (aukaaðild að L.H.)

Friðgeir Friðjónsson.

2. Þingforsetar voru kjörnir Leifur Kr. Jóhannesson, Snæfellingi, og Jón Hólm Stefánsson, Glæð.
3. Ritara voru kjörnir Guðmundur Jónsson, Herði, form., Þorvaldur Þorvaldsson, Fáki, Sigrún Sigurðardóttir, Gusti, Sigurður Steinþórsson, Smára, Unnur Jónsdóttir, Sörla, og Marteinn Valdimarsson, Glæð.
4. Teljara voru kjörnir Kristján Þorgeirsson, Herði, og Skafti Steinbjörnsson, Stíganda.
5. Skýrsla stjórnar L.H.

Formaður L.H. Albert Jóhannsson flutti skýrslu stjórnar og kom víða við og rakti störf stjórnarinnar sl. ár. Ræða Alberts birtist í heild í 4. tbl. Hestsins okkar 1981.

Féhirðir L.H. Gísli B. Björnsson flutti skýrslu sína, í máli hans kom fram að árið 1980 kom allvel út fyrir L.H. og var tekjuafgangur rúml. 6 millj. g.kr. Hins vegar varð halli á Hestinum okkar eða um 1,6 millj. g.kr., en reikningar blaðsins taka að þessu sinni til 5 tbl. og þar af eru tvö 4. tbl. Gísli benti á að nauðsyn væri á að taka í þjónustu sína tölvutækni við bókhaldið til að unnt sé að sjá stöðuna á hverjum tíma. Engar umræður urðu um skýrslu stjórnarinnar og var samþykkt að vísa reikningunum til til fjárhagsnefndar.

Náan um skýrslu stjórnar og reikninga vísast til fjölritaðrar Ársskýrslu stjórnar L.H. starfsárið 1980-81, sem löð er fram á þinginu.

6. Lagðar fram tillögur.

Fyrst voru kynntar tillögu frá stjórn L.H., fastanefndum og Íþróttaráði L.H.

Albert Jóhannsson kynnti tillögu um breytingu á lögum L.H. varðandi fjölda þingfulltrúa á L.H. þingum sbr. þingskj. nr. 1. Albert kynnti einnig tillögu, til breytinga á kappreiðareglum L.H. varðandi 150 metra skeið sbr. þingskjal nr. 2. Stefán Pálsson lagði fram tillögu stjórnar um tölvuvinnslu á félagaskrá hestamannafélaganna sbr. þingskjal nr. 3.

Gísli B. Björnsson lagði fram tillögu stjórnar um

- a) Skipun millipinganefndar til að endurskoða lög og reglur um starfshætti L.H. sbr. þingskjal nr. 4.
- b) Tillögu um árgjald fyrir árið 1982 sbr. þingskjal nr. 6.
- c) Tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1982 sbr. þingskjal nr. 7.

Þá bar Tryggvi Gunnarsson framkv. stjórn L.H. fram tillögu stjórnarinnar um skipan tryggingarmála vegna hestamannamóta sbr. þingskjal nr. 5.

Sigurður Haraldsson bar fram tillögu á þingskjali nr. 8. Tillagan er til breytinga á reglum L.H. um gæðingadóma, m.a. um breytingar á því hvernig viljaeinkunn er fundin. Tillagan er flutt af ræðslunefnd gæðingadómara.

Hreinn Árnason flutti tillögu frá fræðslunefnd kappreiðadómara sem að mestu gengur út á öryggisatriði sbr. þingskjal nr. 9. Hreinn Árnason flutti einnig tillögu á þingskjali nr. 10 en hún er frá "Vinnuhóp um unglingareglur." Tillagan er um reglur fyrir unglingakeppni L.H.

Viðar Halldórsson flutti tillögur Íþróttaráðs L.H. Sú fyrri er á þingskjali nr. 11 og felur í sér heimild fyrir Íþróttaráð að tilnefna fulltrúa til setu á ársþingi L.H. með málfrelsi og tillögurétti. Hin síðari er á þingskjali nr. 29 og kveður á um að L.H. kaupi myndband og upptökutæki til notkunar við dómaraþjálfun og kennslu á vegum L.H.

Þegar hér var komið var framkomnum tillögum vísað til hinna ýmsu nefnda eftir eðli hverrar tillögu.

Þá voru lagðar fram tillögur frá einstökum hestamannafélögum og einstaklingum.

Kristján Guðmundsson bar fram tillögur hestamannafél. Fáks. Á þingskjali nr. 12 er tillaga til breytinga á reglum um gæðingakeppni, sem felur í sér breytingu á því hvernig dæma skuli vilja og mykt hestsins.

Næsta tillaga Fáks fjallar um breytingar á brokkkeppni sbr. þingskjal nr. 13.

Þá flutti Fákur tillögu um stuðning við hrossarækt einstaklinga sbr. þingskjal nr. 14. Á þingskjali nr. 15 er tillaga um samvinnu við landgræðslu- og landnýtingarráðunaut um meðferð og nýtingu beitilands fyrir hross.

Þá flutti Fákur að síðustu tillögu um markvisst átak varðandi ferðalög á hestum sbr. þingskjal nr. 16.

Kristín Bögeskov bar fram tillögur frá hestamannafélaginu Gusti, sem fjalla um eftirtalin atriði:

Reiðvegagerð meðfram hraðbrautum, námskeið í gæðinga- og unglingadómum með tilliti til landsmóts á næsta ári og að síðustu tillögu um póstferðir í tengslum við landsmót. Framangreindar tillögur eru á þingskjölum nr. 18 - 21.

Guðlaug Birgisdóttir flutti tvær tillögur frá hestamannafél. Dreyra, sem eru á þingskjölum nr. 22 og 23. Fjallaði fyrri tillagan um skipun fimmmannefndar, til að skera úr ágreiningi vegna reglna um gæðingakeppni. Hin síðari fjallar um námskeið fyrir starfsmenn kappreiða.

Sverrir Hallgrímsson Andvara endurflutti tillögu sína frá síðasta þingi um þá breytingu á reglum um gæðingakeppni L.H. 18. gr., að á landsmótum og fjórðungsmótum skuli endurdæma þá hesta, er hestar einkunnir hljóta eftir sömu reglum og fyrri dómurinn, sbr. þingskjal nr. 24.

Næst flutti Sigurður Sæmundsson tillögur hestamannafél. Sörla en þær eru skráðar á þingskjöl nr. 25 og 26. Fyrri tillagan fjallar um það, að L.H. samþykkti að komið verði til móts við félög, sem taka upp fjölskyldufélagsgjöld, þ.e. að gjald til L.H. verði í samræmi við breytt félagsgjöld. Hin tillagan er til breytinga á kappreiðareglum L.H. og fjallar um fjölda og uppröðun hlaupgæslumanna.

Eysteinn Jónsson, hestamannafélaginu Hornfirðingi flutti tillögu um að beina tilmælum til menntamálaráðherra um að L.H. fái aðild að náttúruverndarþingi sbr. þingskjal nr. 30.

Ragnheiður Sigurgrímsdóttir bar fram tillögu Félags tamningamanna og er tillagan á þingskjali nr. 27. Fjallar hún um þátttökugjald í gæðingakeppnum og greiðslur vegna ferða og starfa dómara, svo og skyldur félaga til að sjá dómurum fyrir viðurværi.

Sigurður Ragnarsson flutti í nafni hestamannafélagsins Harðar tillögu til breytinga á reglum um gæðingakeppni þess efnis að sama knapa sé aðeins heimilt að keppa á tveimur hestum í hvorum flokki sbr. þingskjal nr. 28.

Næst flutti Þrúðmar Sigurðsson tvær tillögur frá hestamannafél. Hornfirðingi og fjallar sú fyrri sem er á þingskjali nr. 31 um breytingu á gæðingareglum L.H., að vilji og mykt hesta verði dæmd í dómhring af sömu dómurum og önnur atriði dómsins en viljaprófun í núverandi mynd falli niður. Hin tillagan er á þingskjali nr. 32 og fjallar um breytingar á kappreiðareglum

L.H. í þá átt, að lágmarksaldur knapa verði 16 ár.

Þingforseti vísaði framkomnum tillögum hestamannafélaganna því næst til nefndar.

Snorri Ólafsson Sleipni lagði fram tillögu félags síns um söfnun upplýsinga um félagslega stöðu hestamanna gagnvart íþróttahreyfingunni sbr. þingskjal nr. 33.

Forseti þingsins Leifur Jóhannesson, bar fram tvær næstu tillögur hin fyrri var frá Magnúsi Ó. Jónssyni, Snæfellingi, og er á þingskjali nr. 34, og er um samræmingu laga og reglna hestamannafélaga innan L.H. Síðari tillagan sem Leifur bar upp, er frá hestamannafélögunum á Vesturlandi, þar sem þau beina því til L.H., að landsmót 1986 verði haldið á Vesturlandi sbr. þingskjal nr. 35.

Þá lá fyrir tillaga á þingskjali nr. 17 flytjandi er hestamannafélagið Léttir. Tillagan er um það að landsþing L.H. verði haldið annað hvert ár en hitt árið verði haldin, formannaráðstefna L.H.

Þingforseti vísaði nú síðustu fjórum tillögum til nefnda.

7. Næst flutti Þorkell Bjarnason erindi um starf Búnaðarfélags Íslands að hrossaræktinni. Fyrst fjallaði hann um störf og skipan Búnaðarfélags Íslands almennt og sagði í því sambandi, að starf ráðunautar væri leiðbeinandi um þá stefnu, sem Búnaðarfélag Íslands ákvæði í ræktunarmálum á hverjum tíma og árið 1952 ákvað B.Í. að eingöngu skyldi rækta reiðhesta og hefur þeirri stefnu verið fylgt síðan.

Þorkell sagði, að eina ríkisbúið í hrossarækt hefði verið stofnað á Hólum í Hjaltadal árið 1944 en þá voru keyptar þangað 12 hryssur.

Síðan kynnti Þorkell búfjárræktarlögin frá 1932 en þeim hefur nokkrum sinnum verið breytt síðan. Í því sambandi kom fram að innan ramma búfjárræktarlaganna væru nú starfrækt eitt hrossaræktarbú, þ.e. Hólabúið og tvö stofnræktarfélag þ.e. Skuggafélagið og Fjalla-Blesafélagið.

Þessu næst minntist Þorkell á Stóðhestastöðina og Stofnverndarsjóðinn, sem stofnaður var árið 1973 og komst í gagnið 1977 og sagði Þorkell að hann væri eingöngu notaður til að styrkja hrossaræktarsamböndin í landinu.

Þorkell rakti nú ýmis atriði varðandi fjárgreiðslur til hrossaræktar, sauðfjárræktar og nautgriparæktar og sagði þær

skiptast þannig milli þessara búgreina, að nautgripærækt fengi 54% sauðfjárrækt 30% og hrossarækt 16%.

Í framhaldi af þessu rakti Þorkell hlutfallslega framleiðslu þessara sömu búgreina miðað við heildarframleiðslu landbúnaðarins og kom þar fram að nautgripaafurðir voru 48% sauðfjárafurðir 37% en afurðir hrossa 2%. Því taldi Þorkell að ósanngjarnt væri að halda því fram að framganga Búnaðarfélags Íslands í hrossaræktinni væri slægt.

Að endingu þakkaði hrossaræktarráðunauturinn L.H. gott samstarf við Búnaðarfélag Íslands á undangengnum árum.

Þá frestaði þingforseti fundi og nefndir tóku til starfa.

8. Umræður um álit nefnda.

Áður en gengið var til umræðna um álit nefnda var Þorsteinn Aðalsteinsson útnefndur sem 3. teljari.

Allsherjarnefnd.

Álit allsherjarnefndar, framsögumaður Ármann Gunnarsson, og lagði hann fram 6 tillögur f.h. nefndarinnar.

1. Tillaga um skipun millipinganefndar til að endurskoða lög og reglur L.H.: 32. ársþing L.H. samþykkir, að stjórn L.H. kjósi 5 manna millipinganefnd, sem vinni að heildarendurskiðun á lögum og reglum um starfsemi L.H. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. sept. 1982 og skulu tillögur nefndarinnar lagðar fyrir næsta ársþing L.H. Nefndin taki m.a. til athugunar eftirfarandi:
 - a) Fyrirkomulag ársþinga.
 - b) Leiðir til að gera stjórn og varastjórn L.H. virkari og hvort rétt sé að taka upp sérstaka framkvæmdastjórn, sem fari með daglegan rekstur.
 - c) Hlutverk formanna- og svæðafunda.
 - d) Stöðu, verkefni og skipan fastanefnda L.H. (þingskj. nr. 4.)Samþykkt samhljóða.
2. Tillaga til breytinga á lögum L.H.: 32. ársþing L.H. samþykkir að gera þá breytingu á 5. gr. laga L.H., að eftirfarandi tölur í greininni: "50", "51-100", og "101-150" breytist og verði: "60", "61-120", og "121-180". (þingskj. 7.)
Samþykkt með 79 atkvæðum gegn engu.

3. Tillaga til breytinga á lögum L.H.:
32. ársþing L.H. samþykkir, að aftan við orðin: "skal hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti" í 5. gr. laga L.H. komi nýr málslíður sem hljóði svo: "Þá er stjórn Íþróttaráðs L.H. heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu á ársþingi L.H. með málfrelsi og tillögurétti." (þingskj. 11)
Samþykkt með 35 atkvæðum gegn 3.
4. Tillaga um að ársþing L.H. verði haldin annað hvert ár.:
32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi dagana 30. og 31. okt. 1981 samþykkir að framvegis skuli landsþing L.H. haldin annað hvert ár, hitt árið verði haldin formannaráðstefna aðildarféлага L.H.
Til máls tóku: Þorlákur Ottesen, Pétur Hjálmsón og Kristín Bögeskov á móti og Sverrir Hallgrímsson mælti með henni. (þingskj. nr. 17.)
Samþykkt að vísa tillögunni til millipinganefndar með 55 atkvæðum á móti 29.
5. Tillaga um félagslega stöðu L.H. gagnvart íþróttahreyfingunni:
Landsþingið samþykkir að stjórn L.H. fái til liðs við sig starfshóp reyndra manna sem að íþrótt- og félagsmálum hafa starfað og hafin verði nákvæm gagnasöfnun frá hinum Norðurlöndunum um, hvernig félagsleg staða hestamanna er gagnvart íþróttahreyfingum viðkomandi landa.
Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem aflast, verði mótaðar tillögur, og þær kynntar menntamálaráðuneytinu. Á þeim vettvangi gangi L.H. frá félagslegri stöðu sinni gagnvart íþróttahreyfingunni þannig að L.H. njóti sömu réttinda og framlaga sem íþróttahreyfingin í samræmi við félagatölu sína.
Stjórn L.H. standi sterk í því að styrkja félagslega stöðu Landssambandsins út á við og hindra jafnframt að hvers konar klofningur eða hliðarstökk séu tekin, sem ekki sé fullreynt um, hvernig fari fyrir heildina. (þingskj. 33)
Samþykkt samhljóða.
6. Tillaga um samræmingu laga og reglna hestamannafélaga: (þingskj. 34)
Nefndin mælti ekki með tillögunni en ályktaði eftirfarandi:

32. ársþing L.H. vísar til 4. gr. laga L.H. um aðild nýrra félaga að heildarsamtölunum og beinir því til stjórnar L.H. að vera slíkum félögum ráðgefandi um lög sín ef óskað er eftir.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Ferðanefnd.

Álit ferðanefndar, framsögumaður Valdimar Jóhannesson. Nefndin tók fyrir 4 mál, þar af vísaði hún einu til allsherjarnefndar (þingskj. 15), en hún barst allsherjarnefnd ekki og var því ekki um hana fjallað í álitinu hennar. Afgreiðsla var frestað.

1. Tillaga um aðild L.H. að Náttúruverndarþingi:

32. þing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 30.-31. október 1981, beinir þeim tilmælum til hestvirts menntamálaráðherra Íslands, að ekki verði gengið fram hjá Landssambandi hestamannafélaga við val fulltrúa á Náttúruverndarþing, skv. 4. gr. laga nr. 47/1971 og reglugerð nr. 154/1981. (þingskj. 30)

Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga um átak vegna ferðalaga á hestum:

Ferðanefndin lagði til, að tillaga skv. þingskj. 16 yrði samþykkt með breytingum þannig :
32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. október 1981 samþykkir að árin 1982 og 1983 verði helguð því meginverkefni að greiða fyrir ferðalögum um landið á hestum. Þingið heitir á öll aðildarfélög sambandsins að taka fullan þátt í samræmdu átaki til eflingar þessari grein hestamennskunnar.

Unnið verði skipulega að eftirtöldum þáttum m.a.:

- a) Helstu reiðleiðir verði kortlagðar sérstaklega og jafnframt fallegar og vinsælar sérleiðir á hverju svæði. Stutt lýsing með gagnlegum ábendingum verði samín um hverja leið.
- b) Gerð verði reiðvegaáætlun fyrir allt landið um leið og þess er freistað að meta forgangsröð verkefna, þ.m.t. girðingu nátthaga o.s. frv.
- c) Þingið hvetur aðildarfélög til að merkja eða varða reiðleiðir og að þau skipuleggi sjálfboðavinna félaga við brýnustu verkefni.

- d) Auglýst verði eftir aðilum, sem reiðubúnir væru til að greiða fyrir hestafólki á ferð, svo sem með nátthaga, svefnpokaplássu o.s. frv. Gefin verði út skrá um slíka staði.
- e) Leitað verði samstarfs við Vegagerð ríkisins og skipulagsyfirvöld og gengið eftir stuðningi ríkis og sveitarfélaga við reiðvegagerð skv. fyrirfram gerðri áætlun. Unnið verði að því, að reiðvegir verði teknir inn á skipulag allra sveitarfélaga. Þess verði gætt að halda gömlum reiðleiðum opnum og opna þær sem lokað hefur verið.
- f) Tekið verði saman í lítið kver listi yfir minnisatriði og hvaðeina sem að haldi má koma fyrir þá, sem hyggja á langferð á hestum.
- g) Stjórn L.H. meti, hvort rétt sé að setja starfsnefnd til að tryggja framkvæmd þessarar tillögu. Stjórn L.H. gefi næsta aðalfundi skýrslu um málefnið sem heild.

Fyrstur tók til máls Ragnar Tómasson og hvatti L.H. og hestamannafélögin til dáða í þessu stórmáli.

Aður en tillagan kom til afgreiðslu fór fram umfjöllun um tillögu um reiðvegagerð skv. þingskj. 18., en hennar var ekki getið í álitinu ferðanefndar. Nefndin lagði til að henni væri vísað frá þar sem megininntak hennar væri að finna í e. lið á þingskj. 16.

Þá tók til máls Pétur Hjálmsón og taldi að rétt væri að fella tillögu á þingskj. 18 að tillögu á þingskj. 16 með áorðnum breytingum ferðanefndar þannig að þær verði felldar saman.

Þá tóku til máls Albert Jóhannsson og Valdimar Jóhannesson um þetta. Kom þá fram breytingartillaga frá Péttri Hjálmsyni um að fella saman tillögur á þingskj. 18 og 16 með áorðnum breytingum. Ólafur Þórðarson tók til máls og taldi rétt, að reiðvegir væru hannaðir í samvinnu við sveitarfélög. Egill Bjarnason lagði til að þingskj. 18 og 16 yrðu afgreidd sameiginlega. Breytingartillaga Egils við breytingartillögu Péturs var samþykkt og voru tillögur á þingskj. 18 og 16 bornar upp saman og samþykktar semeen heild svo sem greinir í tillögu 2 hér að framan með 67 atkvæðum gegn 2.

Fjárhagsnefnd.

Þá var flutt álit fjárhagsnefndar, framsögumaður Hákon Kristinsson. Nefndin tók 6 mál til umfjöllunar.

1. Tillaga um reikninga L.H. og Hestsins okkar. Nefndin lagði til að þeir yrðu samþykktir.
Samþykkt samhljóða.
2. Tillaga um árgjald fyrir árið 1982. Nefndin lagði til, að tillagan yrði samþykkt. Sverrir Hallgrímsson lagði fram breytingartillögu þess efnis að árgjaldið yrði hækkað um 50% eða í kr. 50.- Um breytingartillöguna tóku til máls: Kristján Guðmundsson. Breytingartillaga Sverris var felld og er aðaltillagan þannig:
32. ársþing L.H. samþykkir að gjald á hvern félag til L.H. verði kr. 40.- á árinu 1982. (þingskj. 6)
Samþykkt samhljóða.
3. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 1982.

Tekjur:

1. Árgjöld félaga	kr. 288.000.-
2. Vaxtatekjur	" 30.000.-
3. Sala bóka og rita	" 20.000.-
4. Aðrar tekjur og styrkir	" 7.000.-

Samtals kr. 345.000.-

Gjöld:

1. Laun og launatengd gjöld starfsfólks:	
A. Framkvæmdastjóri	kr. 100.000.-
B. Skrifstofuaðstoð	" 28.000.-
	kr. 128.000.-
2. Húsaleiga	" 33.000.-
3. Skrifst.kostn., póstur, sími, fjölrit., ritföng	" 30.000.-
4. Akstur, ferðakostn. stjórnarm. og framkv. stj.	" 30.000.-
5. Námskeið og reiðskólar	" 18.000.-
6. Fræðslustarfssemi	" 25.000.-
7. Þing og fundir	" 13.000.-
8. Útg., augl. o.fl.	" 10.000.-
9. Aðild að félögum, Landvernd, F.E.I.F.	" 3.000.-
10. Áningargirðingar og kostn. v/Skógarhóla	" 25.000.-
11. Tæki og búnaður v/skrifstofu	" 15.000.-
12. Annað og ófyrirséð s.s. afskriftir	" 15.000.-

Samþykkt samhljóða. Samtals kr. 345.000.-

4. Tillaga um fjölskyldufélagsgjöld. Fjárhagsnefnd lagði til, að henni yrði vísað til millipinganefndar. Til máls tóku: Stefán Pálsson sem taldi, að þingskj. 25, sem hér um ræðir ætti ekki að vísa til millipinganefndar. Gísli B. Björnsson taldi að vísa ætti tillögunni til stjórnar L.H. og vildi að kannaður verði vilji félaganna. Haraldur Sveinsson lagði til að tillögunni yrði vísað til millipinganefndar. Þá dró Gísli B. Björnsson sína tillögu til baka.
Tillagan er þannig: Þar sem Hestamannafélagið Sörli hefur í hyggju að taka upp fjölskyldugjöld þannig að fyrsti meðlimur fjölskyldu greiði fullt gjald annar 50% og 25% úr því. Leggur félagið til að þing L.H. samþykki að komið verði til móts við félög sem taka upp fjölskyldugjöld. Þannig að gjald til L.H. verði í samræmi við þessa breytingu á félagsgjöldum.
Samþykkt að vísa tillögunni til millipinganefndar.
5. Tillaga um póstferðir í tengslum við landsmót. (þingskj. 21) Fjárhagsnefnd leggur til, að stjórn L.H. skipi nú þegar nefnd til þess að vinna að undirbúningi póstferðar á landsmót L.H. á Vindheimamelum 1982.
Til máls tóku: Þorlákur Ottesen, Kristín Bögeskov, Pétur Hjálmsón, Hákon Kristinsson og Albert Jóhannsson.
Samþykkt samhljóða.
6. Tillaga um myndbandakaup. Fjárhagsnefnd leggur til, að þar sem fjárhagsáætlun geri ekki ráð fyrir slíkum fjárfrekum framkvæmdum, beini þingið því til stjórnar L.H. að hún leitist við að fá lánuð eða leigð slík tæki til að byrja með, en stefnt verði að því að slík tæki verði keypt ef vel reynast.
Snorri Ólafsson lagði fram breytingartillögu þess efnis að þingskjal nr. 29 yrði borið upp til atkvæðagreiðslu en það hljóðar svo: "32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi dagana 30. - 31. október 1981 samþykkir að L.H. kaupi videocupptökutæki og myndband til notkunar við dómarapjálfun og kennslu á vegum L.H."
Þessir tóku til máls: Hákon Kristinsson og Snorri Ólafsson.
Tillagan á þingskj. nr. 29 var samþykkt með 49 atkv. gegn 45.

7. Ábending til L.H. um happdrætti á landsmótum.

Samþykkt samhljóða

Fræðslunefnd.

Pétur Hjálmsón flutti skýrslu fræðslunefndar, nefndin fékk 2 mál til meðferðar, en bætti 3 málum við.

Pétur þakkaði sérstaklega fræðslunefnd L.H. fyrir vel unnin störf á s.l. starfsári.

1. 32. þing L.H. haldið í Stykkishólmi 30. - 31. okt. 1981 ítrekar fyrri samþykktir landsþinga samanber 30. og 31. ársþing L.H. um námskeiðahald fyrir dómara í gæðinga- og unglingakeppnum.
Jafnframt vill þingið þakka stjórn L.H. fyrir dug og skelegga forystu í þessum málum.
Til að ná enn betri árangri telur þingið brýna nauðsyn bera til að afla kennslutækja og efnis, svo sem að keypt verði myndband og tilheyrandi tæki því viðkomandi.

Samþykkt samhljóða.

2. Kristján Guðmundsson, Fáki hafði framsögu um tillögu vegna tölvuvinnslu á félagaskrá hestamannafélaganna, og hljóðaði hún svo: "32. ársþing L.H. samþykkir að hestamannafélagin sameinist um að koma upp tölvuvinnslu á félagaskrá hestamannafélaganna. Verði skrifstofa L.H. miðstöð þessarar vinnslu og annist afgreiðslu og móttöku vegna hestamannafélaganna. Hvert hestamannafélag kosti vinnslu á félagatali viðkomandi félags og beri kostnað af eigin notkun á tölvuskránni. Stjórn L.H. skal heimilt að nýta hina sameiginlegu félagaskrá hestamannafélaganna til útsendingar á gögnum og öðru efni, sem L.H. gefur út. Óheimilt er að leyfa öðrum en viðkomandi félagi og stjórn L.H. afnot af félagaskránni." (Þingskj. 3)

Til máls tóku Jónas Vigfússon, Guðmundur Ó. Guðmundsson, Valdimar Jónsson og Albert Jóhannsson. Fram kom breytingartillaga frá Jónasi Vigfússyni: Breytingartillaga við Þingskj. 3: Seinasta setning tillögunnar breytist og hljóði svo: Óheimilt að leyfa öðrum en viðkomandi félagi og stjórn L.H. afnot af félagaskránni, nema leyfi viðkomandi félags komi til.

Tillaga Jónasar var samþykkt samhljóða og var 2. tillaga síðan samþykkt samhljóða með þessum breytingum.

3. Tillaga frá fræðslunefnd um útgáfustarfssemi o.fl.:
32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30. - 31. okt. 1981

hvetur stjórn L.H. til frekari útgáfustarfssemi á ýmskonar fróðleik varðandi hesta og hestamennsku svo sem í formi handbóka og árbóka. Jafnframt skorar þingið á félagi í hestamannafélögunum að gera átak til að auka útbreiðslu

Hestsins okkar og vitnar í samþykktir 30. ársþings að Flúðum þar um. Þar segir að blaðið skuli í tilraunaskyni sent inn á hvert heimili félagsmanna í hestamannafélögunum og fylgi því kynningarbréf, sem gefi viðkomandi kost á áskrift að blaðinu. Ennfremur hvetur þingið til að blaðið Hesturinn okkar verði jafnan til staðar og kynningar á öllum félagsfundum hestamannafélaganna.

Ragnar Tómasson kvaddi sér hljóðs og bar fram viðauka-tillögu þess efnis að þingið færi sr. Halldóri Gunnarssyni, fyrrverandi ritstjóra blaðsins Hestsins okkar innilegar þakkir fyrir unnin störf í þágu blaðsins.

Var viðaukatillagan samþykkt samhljóða og 3. tillaga var síðan samþykkt samhljóða í heild.

4. Tillaga frá fræðslunefnd.
32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. 1981 vekur athygli á því að árið 1982 er helgað málefnum aldraðra. Þingið beinir þeim tilmælum til hestamannafélaga, að þau leggi sig fram um að halda kvöldvökur m.a. myndasýningar eða erindi tengd hestamennsku hvert á sínu félagssvæði, þar sem einhver starfssemi eða félagsskapur fyrir aldraða er fyrir hendi.
Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga frá fræðslunefnd.
32. þing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. 1981 þakkar fræðslunefnd L.H. það starf sem þegar hefur verið unnið og hvetur til áframhaldandi starfa á sömu braut.
Samþykkt samhljóða.

Gæðinga- og unglinganefnd.

Álit gæðinga- og unglinganefndar, framsögumaður Gunnar B. Gunnarsson.

1. Þingskjal nr. 10.
Nefndin leggur til að tillögur vinnuhóps um unglingakeppni L.H. á þingskjali nr. 10 verði samþykktar svohljóðandi:

Keppendur: Keppni fer fram í 2 aldursflokkum:

A) 13 - 15 ára og B) 12 ára og yngri.

Aldur keppenda miðast við almanaksárið þannig að þeir elstu í yngri flokki eru þeir sem verða 13 ára á keppnisárinu.

Næstu þrír árgangar þar á undan keppa því í flokki 13-15 ára.

Í unglingakeppni er það knapinn sem vinnur til verðlauna en ekki hestur hans.

Keppnishestar: Unglingur má ekki mæta til keppni með hross, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni það sjálfur. Hver keppandi má aðeins keppa á einum hesti. Forfallist skráður hestur knapa á fjórðungsmótum og landsmótum koma varaknapar og hestar þeirra í staðinn. Að þeim frágengnum skal heimilt að keppandi mæti með varahest.

Dómarar: Þrír dómarar, í það minnsta skulu dæma á innanfélagsmótum, en fimm á fjórðungs- og landsmótum. Þegar fimm dómarar dæma skal hesta og lægsta einkunn í hverri grein felld niður áður en endanleg einkunn er reiknuð út.

Einkunnir: Notaðir séu spjaldadómar og dómar birtir sundurliðaðir á töflu strax að keppni lokinni. Einkunnargjöf skal hagað þannig að gefin er séreinkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn fyrir þær. Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir taumhald og ásetu í hverri gangtegund fyrir sig, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda einkunna. Fæst þannig meðaleinkunn fyrir taumhald og ásetu. Þessar tvær einkunnir eru að lokum lagðar saman og deilt í með tveimur og fæst þar með aðaleinkunn viðkomandi keppanda.

Einkunnastigi: Einkunnir eru gefnar í heilum eða hálfum stigum frá 5-10. Eftirfarandi er til viðmiðunar um einkunnargjöf:

Einkunn	5	afleitt.
"	6	lélegt.
"	7	sæmilegt.
"	8	gott.
"	9	ágætt.
"	10	fullkomið.

Keppni: Keppnin fari fram á 200 metra hringvelli ef unnt er. Sýningin hefst á skammhlið og er frjálst á hvora hönd er riðið. Heimilt er að nota þísk í sýningu.

Verðlaun: Verðlaun í unglingakeppni skulu vera jafnmörg verðlaunum í gæðingakeppnum L.H. Verði tveir knapar eða fleiri jafnir að stigum í verðlaunasæti, skulu báðir (allir) hljóta verðlaun.

Keppni 12 ára og yngri.

Verkefni:

1. Fet, 1/2 hringur.
2. Hægt tölt eða brokk, 1 hringur.
3. Stökk, 1 hringur.

Keppni 13 - 15 ára.

Verkefni:

1. Fet.
2. Hægt tölt 1+2 (fet og hægttölt) 1 hringur.
3. Brokk, 1 hringur.
4. Stökk, 1 hringur.
5. Yfirferðargangur, tölt, brokk eða skeið (þá á langhliðum) 1 hringur.

Sigurður Sigmundsson flutti breytingartillögu sína og Sverris Hallgrímssonar til liðinn "Keppnishestar" svohljóðandi: Unglingur má ekki taka þátt í keppni með hross, sem taka þátt í gæðingakeppni sama móts. Forfallist skráður hestur knapa í fjórðungs- og landsmótum koma varaknapar og hestar í þeirra stað. Að þeim frágengnum skal heimilt að aðalkeppandi mæti með varahest.

Haraldur Sveinsson, sagði að mikið hefði verið rætt um það mál sem tillaga Sigurðar fjallar um og taldi erfitt að takmarka þátttöku unglinga í keppni, slíkt kæmi út sem refsing á góða unglinga. Nefndin ákvað að takmarka þetta ekki.

Jónas Vigfússon spurði hvers vegna orðalagið væri þannig að 13 ára unglingur gæti keppt í flokki 12 ára og yngri.

Ragnar Tómasson talaði gegn tillögu Sigurðar Sigmundssonar. Sverrir Hallgrímsson andmælti orðum Ragnars.

Jónas Vigfússon flutti breytingartillögu við þingskj. nr. 10, þannig: Önnur setning verði: "Aldur keppenda miðast við almanaksárið þannig að þeir elstu í yngri flokki verði 12 ára á árinu," en núverandi setning falli niður.

Sigurður Sigmundsson telur tillögu sína og Sverris ekki skaða unglingana. Heldur eiga sterkustu unglingarnir að taka þátt í gæðingakeppni.

Jónas Vigfússon flutti breytingartillögu þannig: Að við A) standi 14 - 16 og B) 13 ára og yngri.

Ragnar Tómasson, Hreinn Árnason og Rosemarie Þorleifsd. lögðu áherslu á að árgangar fylgist að á keppnistímabili.

Snorri Ólafsson vildi samþykkja orðalag nefndarinnar.

Tillaga Jónasar nr. 2 var felld með 35 atkvæðum gegn 10, tillaga Jónasar nr. 1 var felld með öllum þorra atkvæða. Tillaga Sigurðar Sigmundssonar og Sverris Hallgrímssonar var felld með 33 atkvæðum gegn 17.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt með 46 atkvæðum gegn 8.

2. Þingskjal 8.

Nefndin leggur til að tillögur Fræðslunefndar gæðingadómara á þingskjali nr. 8 verði samþykktar svohljóðandi:

I. Við 3. gr.: Aftan við greinina bætist ný málsgrein: "Hlaupi hestur útaf keppnisbraut, skal honum vísað frá keppni nema augljós utanaðkomandi, atvik valdi".

II. Við 14. grein:

Fyrsta málsgrein orðist svo: "Viljaeinkunn á stærri mótum skal fundin þannig að meðaltal einkunna fimm starfandi dómnefndarmanna, sem gefnar eru eftir sjónskyni, skal vega að hálfu á móti einkunn dómara, sem reynir hestana og gefur einkunn eftir prófun.

III. Við 15. gr.:

Næst síðasta málsgreinin falli burt.

IV. Við 17. gr. 2. lið:

Undir liðnum: í A-flokki: Á eftir orðinu tölta komi: "og/eða brokk."

V. Ársþingið samþykki meðfylgjandi tillöguuppdrátt,¹⁾ sem hugmynd að keppnisvelli fyrir gæðingakeppni.

1) Sjá teikningu á bls. 29.

Skýringar:

Breytingar frá ákv. 15. gr. í reglugerðinni eru:

1. Beygjur eru gerðar rýmri, stærri ferill (radíus).
2. Skeiðbrautir eru út frá báðum endum.
3. Í beygjum sé hæðarmunur grunnhalli, sem batir að mun aðstöðu hestsins í sprettinum.

VI. "Fræðslunefnd verði falið að endursemja og endurbæta leiðbeiningar fyrir dómara, einkunn með skýrari skilgreiningu hugtaka, gleggri útskýringum varðandi hreinleika gangtegunda og lágmarks-sýningu atriða. Ennfremur verði sett skýr ákvæði um menntun og réttindi dómara til dómstarfa."

Þrúðmar Sigurðsson gerði athugasemd við afgr. nefndarinnar og telur ekki æskilegt að láta fara á bak á hestunum.

Endurflutti hann tillögu á þingskj. nr. 31 sem hljóðar svo:

" 32. ársþing L.H. samþykkir að vilji og mýkt hesta í gæðingakeppni verði dæmd í dómhring og af sömu dómurum og aðrar keppnisgreinar. Jafnframt falli viljaþrófun í núverandi mynd niður og verði 14. gr. reglugerðar um gæðingakeppni L.H. breytt til samræmis við þessa samþykkt."

Ármann Gunnarsson lýsti yfir stuðningi við tillögu Þrúðmars.

Pétur Hjálmsón taldi að ætíð væri karpað um það sama þing eftir þing og studdi tillögu Þrúðmars. Haraldur Sveinsson sagði niðurstöðu nefndarinnar málamiðlun. Fleiri töluðu ekki og var tillaga Þrúðmars felld með 24 atkv. gegn 31.

Aðaltillagan samþykkt óbreytt með 52 atkv. gegn 1.

3. Þingskj. nr. 12.

Tillaga frá hestamannafélaginu Fái á þingskj. nr. 12 um breytingu á reglum um gæðingakeppni, þannig að tveir dómara reyni og gefi hestum á fjórðungs- og landsmótum einkunn fyrir vilja og mýkt, var felld í nefndinni og ekki tekin til frekari meðferðar.

4. Þingskj. nr. 22.

Nefndin samþykkti að leggja tillögu hestamannafélagsins Dreyra um skipun nefndar til að skera úr ágreiningi vegna reglna um gæðingakeppni sbr. þingskj. 22 yrði vísað til Fræðslunefndar gæðingadómara. Var það borið undir þingið og samþykkt samhljóða.

5. Þingskj. nr. 24.

Nefndin lagði til, að tillögu hestamannafélagsins Andvara í þingskj. 24 um breytingar á 18 gr. reglna um gæðingakeppni

yrði vísað til Fræðslunefndar gæðingadómara.

Til máls tóku: Sverrir Hallgrímsson, Snorri Ólafsson, Sigurbjörn Bárðarson, Sigurður Haraldsson, Gísli B. Björnsson, Sverrir Hallgrímsson, Sigurður Haraldsson og Skúli Kristjónsson. Fram kom breytingartillaga frá Gísla B. Björnssyni um að gera öllum hestum jafnt undir höfði við úrslitaröðun. Hann dró hana síðan til baka. Tillaga skv. þingskj. 24 var síðan borin undir atkvæði og felld með þorra atkvæða gegn 9.

6. Þingskjal nr. 28.

Tillögu frá hestamannafélaginu Herði um breytingar á reglum í gæðingakeppni þannig að knapa sé aðeins heimilt að keppa á 2 hestum í hvorum flokki var vísað frá í nefnd og afgreidd þannig af þinginu.

7. Þingskjal nr. 31.

Tillögu frá hestamannafélaginu Hornfirðingi var vísað frá í nefndinni. Sjá afgr. á tillögu 1 frá gæðinga- og unglinganefnd.

Íþróttanefnd.

Alit íþróttanefndar, framsögumaður Sigurður Sæmundsson. Nefndin ræddi um tillögu, sem fjallaði um félagsstöðu L.H. gagnvart íþróttahreyfingunni, en allsherjarnefnd fékk tillöguna til afgreiðslu.

Eftir nokkrar umræður varð nefndin sammála um, að rétt væri að halda sama starfi eða stefnu áfram og unnið hefur verið eftir. Menn voru sammála um að málið væri á viðkvæmu stigi og til þess að flýta inngöngu sem mest ættu íþróttadeildir að sækja um inngöngu í Í.S.Í.

Fram kom að íþróttadeildir gætu hinkrað við í 2-3 mánuði meðan L.H. kannaði möguleika á stuðningi við félagssamtök hestamanna hjá menntamálaráðuneyti.

Kappreiðanefnd.

Framsögumaður Ágúst Ingi Ólafsson.

1. Þingskjal nr. 23.

Nefndin leggur til að tillagan verði felld, en í staðinn komi:

32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt 1981 beinir því til stjórnar L.H. að hún stuðli að áframhaldandi námskeiðahaldi fyrir starfsmenn kappreiða svo sem dómnefndarmenn, hlaupgæslumenn og ræsa, í hverjum landsfjórð-

ungi að minnsta kosti. Stefnt skal að því að sem flestir starfsmenn kappreiða fái fræðslu á þessu sviði.

Samþykkt samhljóða.

2. Þingskjal nr. 2.

32. ársþing L.H. samþykkir að aftan við fyrstu málsgrein 17. gr. kappreiðareglna L.H. komi ný málsgrein og hljóði svo: "Skal 150 metra skeið nefnt nýliðaskeið og mega eingöngu keppa í því 5 til 7 vetra hross."

Samþykkt samhljóða.

3. Þingskjal nr. 26.

Tillaga til breytinga á kappreiðareglum L.H.: Að kaflinn í 1. gr. kappreiðareglugerðarinnar breytist svo:

"Hlaupagæslumenn, þeir skuli minnst vera 8 og raða sér með jöfnu millibili frá ráslínu að marklínu beggja vegna brautarinnar."

Gunnlaugur Skúlason telur að fjölgun á minni mótum sé óraunhæf.

Tillagan samþykkt með 45 atkv. gegn 15.

4. Þingskjal nr. 13.

32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. '81, samþykkir að í 25. gr. kappreiðalaga VIII. kafla varðandi brokk, breytist þannig að síðasta málsgreinin hljóði þannig: "Heimilt er að hestar fari á frjálsum gangi fyrstu 50 metra sprettfærisins, en verði að liggja á brokki það sem eftir er hlaupsins."

Og 27. gr. sömu laga, að viðurkenndar vegalengdir í brokkkeppni, auk þess sem þar er talið verði 300 metrar.

Samþykkt samhljóða.

5. Þingskjal nr. 32.

Nefndin lagði til að eftirfarandi tillögu yrði vísað frá, með tilliti til samþ. 31. ársþings L.H. um lágmarksaldur knapa:

32. ársþing L.H. samþykkir að 21. gr. kappreiðareglna L.H. hljóði svo: "Knapar verða að vera orðnir 16 ára eða verða það á keppnisárinu, og sanni þeir aldur sinn með framvísun nafnskírteinis. Knöpum er skylt að nota öryggishjálmi í öllum greinum kappreiða.

Þrúðmar Sigurðsson lagðist gegn afgreiðslu nefndarinnar og lagði til að upphafleg tillaga á þingskj. nr. 32 yrði borin undir atkv. á þinginu.

Pétur Behrens lýsti yfir stuðningi við tillögu Þrúðmars á þingskj. nr. 32.

Ragnar Tómasson telur marga þessa ungu knapa mun hæfari til að vera knapa á kappreiðum en þingfulltrúa.

Þrúðmar Sigurðsson andmælti orðum Ragnars um hæfni þingfulltrúa og ítrekaði stuðning sinn við tillögu á þingskj. nr. 32.

Guðlaug Birgisdóttir og Sigfinnur Pálsson lýstu yfir stuðningi sínum við tillöguna á þingskj. nr. 32.

Ragnar Tómasson kom fram með eftirfarandi tillögu:

"Þingið vísar framkomnum tillögum um aldursmörk knapa til stjórnar L.H. til athugunar hvað varðar tryggingarmál o.fl. og leggi hún niðurstöður sínar fyrir næsta ársþing."

Guðmundur Jónsson, Eysteinn Jónsson, Sigfinnur Pálsson og Þrúðmar Sigurðsson óskuðu skriflega eftir að tillaga á þingskj. nr. 32 verði borin upp.

Tillaga Ragnars Tómassonar var felld með 45 atkv. gegn 35.

Tillaga á þingskjali nr. 32 var samþykkt með 57 atkv. gegn 28.

6. Þingskjal nr. 9

A. Í 1. grein komi ný málsg. og verði fimmta málsg. (á eftir málsg. um hlaupagæslumenn og undan málsg. um dómnefnd).

Hin nýja málsg. hljóði svo: "Markdómarar: Á lands- og fjórðungsmótum skulu starfa 5 markdómarar. Þeir fylgist með röð hesta á marklínu og millibili þeirra. Markdómarar skulu gera dómnefnd grein fyrir niðurstöðum sínum strax að hlaupi loknu. Heimilt er að 3 eða 5 markdómarar starfi á innanfélagsmótum." Nefndin samþykkti að vísa þessum lið frá.

B. Í þá málsgrein 1. gr. sem fjallar um dómnefnd komi á eftir orðunum: "enda sé gerð dómpalls í samræmi við það" eftirfarandi: "Heimilt er dómnefnd að víkja starfsmanni kappreiða úr starfi reynist hann óhæfur að mati hennar." Nefndin samþykkti að vísa B lið frá og benti á 1. gr. um störf vallarstjóra.

C. Í 5. gr. komi á eftir orðunum: "fyrir hverjar kappreiðar" nýr málslíður sem hljóði svo: "skylt er forræðamönnum kappreiða að gefa knöpum kost á að kynna

keppnishestum völlinn fyrir keppni, og skal knöpum tilkynnt fyrirfram hvenær þeir eiga kost á að nýta sér þessa heimild." Nefndin samþykkti að mæla með C lið óbreyttum

D. 7. gr. breytist og hljóði svo: "Reiðver og búnaður knapa, skal vera í góðu lagi og að öllu leyti háður eftirliti hestavardar. Skylt er knapa að nota hnakk, sem girtur er með tveimur gjörðum. Óheimilt er að nota opin ístöð og hjálparólar. Um járnringar og fótabúnað gilda sömu reglur og fyrir gæðingakeppni L.H. Ekki má sami knapi vera skráður á nema einn hest í hverju hlaupi, sem reglur þessar gera ráð fyrir að keppt verði í til þrautar á úrslitaspretti. Við niðurröðun hesta í flokka skal þeim raðað þannig að dregið sé um númer og flokk."

Nefndin leggur til að D liður orðist þannig:

"Reiðver og búnaður knapa skal vera í góðu lagi og að öllu leyti háður eftirliti hestavardar. Skylt er knapa að nota reiðver með öryggislásum fyrir ístaðsólar sem girt er með tveimur gjörðum. Ekki má sami knapi á leyfisvallarstjóra vera skráður á nema einn hest í hverju hlaupi, sem reglur þessar gera ráð fyrir að keppt verði í til þrautar á úrslitaspretti. Við niðurröðun hesta í flokka skal þeim raðað þannig að dregið sé um númer og flokk."

E. Í 13. gr. komi í stað orðanna: "skal rásir kalla fram og gefa um leið..." eftirfarandi: "skal rásir einungis kalla: "Fram",og gefa um leið..."

E. liður samþykktur með þessu orðalagi.

F. Eftirfarandi komi sem viðbót við 13. gr.: "Aðeins er heimilt að þrír menn aðstoði knapa á ráslínu. Heimilt er rási að víkja hestum frá keppni sem vegna ókyrrðar valda töfum á ráslínu að minnsta kosti 5 mínútur."

Nefndin lagði til að F liður yrði samþykktur óbreyttur. Afgreiðslur nefndarinnar á tillögum A. til F. á þingskj. nr. 9 voru samþykktar samhljóða af þinginu.

Kynbótanefnd.

Framsögumaður: Halldór Einarsson.

1. Þingskjal 14.

Tillaga um stuðning við hrossarækt einstaklinga:

Ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. '81

felur stjórn sambandsins að beita sér fyrir því að inn

í lög um búfjárrækt verði fellt ákvæði um aukin stuðning við þá einstaklinga sem tekist hefur að skapa kostamikla hrossastofna og varðveislu slíkra úrvalsstofna.

Nefndin lagði fram eftirfarandi ályktun við þingskjal nr. 14:

Árþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. '81 vekur athygli á því vegna tillögu á þingskj. nr. 14, að í 36. gr. búfjárræktarlaga er heimild til greiðslu framlaga til stofnverndar, hvort sem einstaklingar eða félagasamtök eiga í hlut. Sá stuðningur er þó háður samþykki hrossaræktarráðunautar B.Í. og takmarkast við greiðslu til átta stofna samtímis. Þar sem þessar heimildir eru nú ekki nýttar nema að hluta, vekur þingið athygli á þessum möguleika, en felur jafnframt stjórn L.H. að fara þess á leit við búnaðarþing að við næstu endurskoðun búfjárræktarlaganna verði framlög til stofnverndar og afkvæmaprófun stóðhesta endurskoðuð og samræmd, og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til varveislu verðmætra hrossastofna.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Mótanefnd.

Framsögumaður Hreinn Ólafsson.

1. Þingskjal 27.
Tillaga frá mótanefnd um að tillaga á þingskj. 27, flutt af Félagi tamningamanna, verði eftirfarandi: "Árþing L.H. samþykkir að aðildarfélögum verði heimilað að innheimta þátttökugjald fyrir hvern keppnishest sem skráður er í gæðingakeppni og íþróttakeppni. Gjaldinu verði varið til að greiða ferðir dómara.
Hestamannafélögum er skylt að sjá dómurum fyrir viðurværi."
Tillagan var samþykkt með 65 atkv. gegn 13.
2. Þingskj. 35.
Mótanefnd lagði til að tillögu frá hestamannafélögunum á Vesturlandi um landsmót (þingskj. 35) yrði vísað frá vegna þess, að hún væri ekki tímabær. Skúli Kristjánsson kvaddi sér hljóðs og taldi hann tímabært að taka á málinu. Jafnframt flutti hann breytingartillögu við álit mótanefndar þess efnis að vísa málinu til stjórnar L.H. Var hún samþykkt og var því eftirfarandi tillögu vísað til stjórnar L.H.: "Sameiginlegur fundur hestamannafélaga-

anna á Vesturlandi óskar eftir því við L.H. að landsmót 1986 verði haldið á Vesturlandi."

3. Tillaga frá mótanefnd: Árþing L.H. samþykkti ábendingu frá mótanefnd um að landsmót á Vindheimamelum 1982 verði haldið helgina 8.-11. júlí.
Samþykkt með 66 atkv. gegn 11.

Trygginganefnd.

Framsögumaður Árni Magnússon.

Nefndin tók fyrir eitt mál, tillögu stjórnar L.H. á þingskj. nr. 5 um skipan trygginamála. Lagði nefndin fram breytingartillögu við tillögu á fyrrnefndu þingskjali, sem var þannig: Á eftir 5. gr. komi ný grein og verði 6. gr., en hin nýja grein hljóði svo: "Stjórn L.H. skal við hver áramót ákveða lágmarkstryggingafjárhæð skv. 5. gr. vegna næsta keppnistímabils." Samkvæmt þessu verður 6. gr. í tillögunni nú 7. gr. Þessi breytingartillaga var samþykkt samhljóða.

Nefndin lagði auk þess áherslu á, að ábyrgðartrygging skv. 1. gr. nái til tjóna eða taps á munum, sem mótshaldari tekur í vörslu, svo sem hestum og reiðtygjum eins og 2. gr. gerir ráð fyrir.

Tillagan með áorðinni breytingartillögu er þá þannig:

A. Reglugerð um váttryggingar hestamannamóta.

1. gr. Hver sá aðili innan L.H., sem heldur hestamannamót svo sem kappreiðar, gæðingakeppni, mót í hestaíþróttum, unglingakeppni skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna mótsins hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi.
2. gr. Við kaup á tryggingu skv. 1. gr. skal leita eftir samningum um frávik frá f. lið 2. gr. almennra skilmála fyrir ábyrgðartryggingar.
3. gr. Stjórn L.H. skal við hver áramót leita eftir tilboðum í tryggingar skv. 1. gr. og 2. gr. vegna móta á næsta ári fyrir hönd þeirra hestamannafélaga, sem þess óska. Ósk um að leitað sé slíkra tilboða skal hafa borist stjórn L.H. fyrir 15. desember. Heimilt er að fella ábyrgðartryggingu skv. 1. gr. sbr. 2. gr. inn í heildarábyrgðartryggingu viðkomandi hestamannafélags, enda nái sú trygging til allrar starfsemi félagsins eða lágmarki mótahalds.

4. gr. Staðfestar upplýsingar um að tryggingu skv.
1. gr., sbr. 2. gr. skulu liggja fyrir hjá vallarstjóra eða framkvæmdastjóra hvers móts.
5. gr. Skyld er umráðamönnum hrossa sem keppa í kappreiðagreinum eftir kappreiðareglum L.H. að slysatryggja knapa þeirra hverju sinni. Vottorð tryggingafélags um, að slík trygging sé til staðar, skal framvísa við skráningu kappreiðahrossa eða í síðasta lagi áður en hlaup hefst.
6. gr. Stjórn L.H. skal við hver áramót ákveða lágmarkstryggingarfjárhæðir skv. 5. gr. vegna næsta keppnistímabils.
7. gr. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1982, enda hafi hún hlotið staðfestingu á ársþingi L.H.

B. Þá er lagt til að breyting verði á gerð 22. gr. kappreiðareglna L.H. og hljóði greinin svo: "Um váttryggingar vegna kappreiða fer eftir reglugerð L.H. um váttryggingar hestamannamóta."

Samþykkt samhljóða.

Þá kom til afgreiðslu tillaga á þingskj. 15, en hún hafði fallið niður í álit allsherjarnefndar. Var tillagan borin upp án nefndarálits. Hún var eftirfarandi:
Landsþing hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 30.-31. okt. 1981, felur stjórn L.H. að beina þeim tilmælum til hestamannafélaga í landinu, að þau taki upp samvinnu við Gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins, og landnýtingar-ráðunaut Búnaðarfélags Íslands um meðferð og nýtingu beitilands fyrir hross.

Samþykkt samhljóða.

9. Kosningar: Kjósa átti formann, meðstjórnanda, varaformann og varameðstjórnanda svo og endurskoðendur.

Áður en kosningar hófust kvaddi sér hljóðs Hjalti Pálsson. Gat hann þess, að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn L.H. Þá gerði Hjalti að umtalsefni fátækt þjóðminjasafns Íslands af munum, sem tengdir væru notkun hesta fyrr á tímum. Hafði hann rætt þessi mál við þjóðminjavörð og staðfesti hann að safnið ætti mjög fáa muni af þessu tagi. Hvatti hann þingfulltrúa og aðra, er hlýddu á mál sitt til að gefa ábendingar um muni, sem kynnu að hafa gildi fyrir safnið. Að lokum þakkaði hann öllum ánægjulegt

samstarf og óskaði L.H. og stjórn þess farsældar í framtíðinni.

Þá var gengið til kosninga. Áður en þær hófust leitaði fundarstjóri eftir samþykki fundarins til að lýsa eftir uppástungum. Var heimildin samþykkt samhljóða.

Kosning formanns:

Stefán Pálsson	117 atkv.
Kristján Guðmundsson	14 "
Ragnar Tómasson	2 "
Hjalti Pálsson	1 "
Auðir	16 "
Stefán Pálsson var því réttkjörinn formaður L.H.	

Kosning meðstjórnanda:

Skúli Kristjánsson	126 atkv.
Sverrir Hallgrímsson	14 "
Pétur Hjálmsen	5 "
Kristján Guðmundsson	1 "
Sigurbjörn Bárðarson	1 "
Auðir seðlar	1 "
Ógildir "	1 "

Skúli Kristjánsson var því réttkjörinn meðstjórnandi L.H.

Kosning varaformanns:

Kristján Guðmundsson	130 atkv.
Auðir seðlar	14 "
Þrír aðrir fengu 1 atkv. hver.	

Kristján Guðmundsson var því réttkjörinn varaformaður L.H.

Kosning varameðstjórnanda:

Guðrún Gunnarsdóttir	130 atkv.
Auðir	7 "
Tíu aðrir fengu 1 atkv. hver.	

Kosning endurskoðenda:

Ragnar Á. Magnússon
Jón Bjarnason
Sjálfkjörnir með lófataki.

10. Önnur mál.

Að kosningum loknum bað Sveinn Guðmundsson um orðið f.h. framkvæmdanefndar landsmóts 1982 og las bókun, sem hún hafði þá gert fyrir stundu. Þar hafði verið ákveðið að taka tillit til samþykktar um frestun landsmóts um viku og færa það aftur til 8.-11. júlí.

Þá tók til máls Kristín Thorberg og ávítaði þingheim fyrir það að hafa látið einu konuna, sem var í framboði standa upp, þegar stungið var upp á henni, en ekki karlmennina. Fundarstjóri bar því við, að þess hefði ekki verið óskað, þegar karlmennirnir, sem stungið var upp á til stjórnarstarfa voru nefndir.

Albert Jóhannsson fráfarandi formaður L.H. flutti þá ávarp. Þakkaði hann öllum samstarfið á liðnum árum, enn fremur gat hann um ánægjulegt samstarf, sem hann hefði átt við Þorkel Bjarnason, hrossaræktarráðunaut, og Búnaðarfélag Íslands og þakkaði þingheimi góð störf.

Kristján Guðmundsson tók þá til máls og þakkaði Alberti Jóhannssyni og Hjalta Pálssyni gifturík störf í þágu L.H. Hann færði nýkjörnum formanni L.H. árnaðar-óskir, svo og Skúla Kristjónssyni og sérstaklega Guðrúnu Gunnarsdóttur, fyrsta kvennmanninum í röðum stjórnarmanna L.H.

11. Þingslit.

Stefán Pálsson tók til máls og greindi frá tildrögum þess, að hann gaf kost á sér til formanns. Þakkaði hann Albert og Hjalta þeirra störf og bauð Skúla, Kristján og Guðrúnu velkomin til stjórnarstarfa. Fór hann nokkrum orðum um væntanlegt starf og færði starfsmönnum þingsins þakkir. Þá kvaðst hann hyggja gott til samstarfs við framkvæmdastjóra L.H., Tryggva Gunnarsson. Hann gat þess að lokum, að komið hefði boð frá hestamannafélaginu Herði í Kjósarsýslu um að halda næsta þing að ári og sagði þinginu slitið kl. 18.

Forsetar:

Leifur Kr. Jóhannesson
Jón Hólm Stefánsson.

F.h. ritara

Guðmundur Jónsson.

